

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1140****2021/EES/71/10****frá 5. maí 2021****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 67. gr. og 2. mgr. 272. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur sem bæta við reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum, þ.e.a.s. sjúkdómum í A-, B- og C-flokki í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ⁽³⁾. Nánar tiltekið er í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 kveðið á um takmarkanir og skilyrði vegna tilflutninga á dýrum og afurðum þeirra innan verndarsvæða og frá þeim sem hluta af ráðstöfunum til að verjast útbreiðslu sjúkdóma í A-flokki.
- 2) Reglurnar sem kveðið er á um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 bæta við þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429. Þær innihalda ýmsa tæknilega þætti ráðstafana sem á að grípa til ef um er að ræða grun um eða staðfestingu á sjúkdómunum sem um getur í a-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. Þar eð þessar reglur tengjast innbyrðis er mælt fyrir um þær sameiginlega í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687. Til glöggvunar og vegna skilvirkrar beitingar þeirra þykir rétt að einnig sé mælt fyrir um reglur til að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 í einni framseldri gerð sem inniheldur röð af víðtækum tæknilegum ráðstöfunum til að verjast viðkomandi skráðum sjúkdómum.
- 3) Í 3. mgr. 21 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 er kveðið á um möguleika lögbærs yfirvalds til að ákvarða hvort það fastsetur takmörkunarsvæði eða ekki við tilteknar aðstæður. Núverandi orðalag í þeirri grein getur verið villandi þar eð unnt er að túlka það á mismunandi hátt. Því ætti að breyta þeirri grein til að kveða skýrt á um þennan möguleika.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 247, 13.7.2021, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 64).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtið. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

- 4) Sjúkdómsvarnaráðstafanir sem kveðið er á um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 ættu að vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem um er að ræða. Af þessum sökum ættu takmarkanir og skilyrði einungis að taka til þeirra tegunda dýra og afurða þeirra sem skapa hættu á útbreiðslu tiltekins sjúkdóms í A-flokki, að teknu tilliti til dýrategundanna sem eru skráðar fyrir viðkomandi sjúkdóm í A-flokki.
- 5) Í 5. mgr. 22 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 er kveðið á um þá skyldu að gefa út dýraheilbrigðisvottorð vegna tilflutninga á sendingum af aukaafurðum úr dýrum, sem eru upprunnar á takmörkunarsvæði og fluttar út fyrir það, án þess að dýrategundirnar sem falla undir þetta ákvæði séu tilgreindar. Þess vegna ætti að breyta þessari málsgrein til að takmarka þessa skyldu við sendingar af aukaafurðum úr dýrum af tegundum sem eru skráðar fyrir viðkomandi sjúkdóm í A-flokki.
- 6) Í 2. mgr. 272. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir sem tengjast niðurfellingu á ýmsum gildandi tilskipunum, þ.e.a.s. tilskipanir ráðsins 92/66/EBE⁽⁴⁾, 2000/75/EB⁽⁵⁾, 2001/89/EB⁽⁶⁾, 2002/60/EB⁽⁷⁾, 2003/85/EB⁽⁸⁾ og 2005/94/EB⁽⁹⁾. Þar er einkum kveðið á um möguleikann á að þessar tilskipanir gildi áfram, í stað samsvarandi greina í þeirri reglugerð, í þrjú ár frá því að sú reglugerð kemur til framkvæmda eða til fyrri dagsetningar sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í framseldri gerð. Í samræmi við þetta ákvæði er í 112. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 kveðið á um að tilskipanir 92/66/EBE, 2001/89/EB, 2003/85/EB og 2005/94/EB eigi að falla úr gildi frá og með 21. apríl 2021 þar eð mælt er fyrir um reglur í þeirri framseldu reglugerð sem svara til þeirra sem áður var mælt fyrir um í þessum tilskipunum.
- 7) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 er einnig mælt fyrir um reglur um sjúkdómsvarnaráðstafanir vegna allra sjúkdóma í A-flokki, þ.m.t. afríkusvínapest. Þess vegna ætti að breyta 112. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 með því að bæta tilskipun 2002/60/EB, þar sem mælt er fyrir um sértæk ákvæði um varnir gegn afríkusvínapest, á skrána yfir tilskipanir sem eiga að falla úr gildi frá og með 14. júlí 2021.
- 8) Að auki er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689⁽¹⁰⁾ mælt fyrir um reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma, þ.m.t. sýking af völdum blátunguveiru. Þessar reglur koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021. Þess vegna ætti að breyta 112. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 með því að bæta tilskipun 2000/75/EB, þar sem mælt er fyrir um sértæk ákvæði um eftirlit með og útrýmingu blátungu, á skrána yfir tilskipanir sem eiga að falla úr gildi frá og með 14. júlí 2021 með það fyrir augum að komast hjá tvítekingu og ósamræmi milli reglna sem eru í gildi að því er varðar eftirlit, útrýmingu og sjúkdómalaus stöðu m.t.t. blátungu í Sambandinu.
- 9) Í 27. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 er mælt fyrir um bönn sem lögbært yfirvald á að koma til framkvæmda á verndar- og eftirlitssvæðum ef sjúkdómur í A-flokki kemur upp til að verjast útbreiðslu sjúkdómsins. Þessi bönn eru skráð í VI. viðauka við þá framseldu reglugerð. Bannið við tilflutningum á sendingum af aukaafurðum úr dýrum frá verndar- og eftirlitssvæðum er þó ófullnægjandi þar eð það á einungis við um tilteknar aukaafurðir úr dýrum. Þetta gæti skapað áhættu á útbreiðslu sjúkdóma meðan sjúkdómsvarnaráðstöfunum, sem kveðið er á um í þeirri framseldu reglugerð, er komið til framkvæmda. Í VI. viðauka við framseldu reglugerð (ESB) 2020/687 ætti að skýra nánar að allir tilflutningar á sendingum af aukaafurðum úr dýrum frá verndar- og eftirlitssvæðum eru bannaðir.
- 10) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 til samræmis við það.

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 92/66/EBE frá 14. júlí 1992 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með Newcastle-veiki (Stjttíð. EB L 260, 5.9.1992, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 2000/75/EB frá 20. nóvember 2000 um sérstök ákvæði um eftirlit með og útrýmingu blátungu (Stjttíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 74).

⁽⁶⁾ Tilskipun ráðsins 2001/89/EB frá 23. október 2001 um ráðstafanir Bandalagsins til að hafa eftirlit með svínapest (Stjttíð. EB L 316, 1.12.2001, bls. 5).

⁽⁷⁾ Tilskipun ráðsins 2002/60/EB frá 27. júní 2002 um sérákvæði um eftirlit með Afríkusvínapest og um breytingu á tilskipun 92/119/EBE að því er varðar lömunarveiki í svínunum og Afríkusvínapest (Stjttíð. EB L 192, 20.7.2002, bls. 27).

⁽⁸⁾ Tilskipun ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki, um niðurfellingu á tilskipun 85/511/EBE og ákvörðunum 89/531/EBE og 91/665/EBE og um breytingu á tilskipun 92/46/EBE (Stjttíð. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1).

⁽⁹⁾ Tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE (Stjttíð. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16).

⁽¹⁰⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjttíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

- 11) Framseld reglugerð (ESB) 2020/687 kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021. Í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð öðlast gildi sem fyrst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað inngangsorða 3. mgr. 21. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða, eftir að hafa framkvæmt áhættumat að teknu tilliti til sjúkdómssniðsins, að fastsetja ekki takmörkunarsvæði ef sjúkdómur í A-flokki kemur upp á eftirtöldum stöðum.“

- 2) Í stað 5. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Með aukaafurðum úr dýrum af skráðum tegundum, sem eru upprunnar á takmörkunarsvæði og fluttar út fyrir það, skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem opinber dýralæknir gefur út þar sem fram kemur að heimilt sé að flytja þær af takmörkunarsvæðinu við skilyrði sem lögbært yfirvald hefur komið á í samræmi við þennan kafla.“

- 3) Í stað 112. gr. kemur eftirfarandi:

„112. gr.“

Niðurfellingar

1. Tilskipanir 92/66/EBE, 2001/89/EB, 2003/85/EB og 2005/94/EB, sem og þær gerðir sem eru samþykktar á grundvelli þessara tilskipana, skulu falla úr gildi frá og með 21. apríl 2021.
2. Tilskipanir 2000/75/EB og 2002/60/EB, sem og þær gerðir sem eru samþykktar á grundvelli þessara tilskipana, skulu falla úr gildi frá og með 14. júlí 2021.“
- 4) Ákvæðum VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/687 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað töflunnar í VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/687 kemur eftirfarandi:

BÖNN VIÐ STARFSEMI SEM VARÐAR DÝR OG AFURÐIR Í TENGSLUM VIÐ SJÚKDÓMA Í A-FLOKKI¹	FMD	RP	RVFV	LSD	CBPP	SPGP	PPR	CCPP	CSF	ASF	AHS	SNÍF	HPAI	NCD
Tilflutningar á dýrum í haldi af skráðum tegundum frá stöðvum á takmörkunarsvæði	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	ÁEV	X	X
Tilflutningar á dýrum í haldi af skráðum tegundum til stöðva á takmörkunarsvæði	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	ÁEV	X	X
Endurnýjun veiðidýrastofna af skráðum tegundum	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	ÁEV	X	X
Kaupstefnur, markaðir, sýningar og aðrir viðburðir þar sem dýrum í haldi af skráðum tegundum er safnað saman, þ.m.t. söfnun og dreifing þessara tegunda	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	ÁEV	X	X
Tilflutningar á sæði, eggfrumum og fósturvísam úr dýrum í haldi af skráðum tegundum frá stöðvum á takmörkunarsvæði	X	X	X	X ²	X	X	X	X	X	X	X	ÁEV	ÁEV	ÁEV
Söfnun á sæði, eggfrumum og fósturvísam úr dýrum í haldi af skráðum tegundum	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	EB	ÁEV	ÁEV	ÁEV
Farandsæðing dýra í haldi af skráðum tegundum	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	ÁEV	ÁEV	ÁEV
Náttúruleg óstaðbundin pörun dýra í haldi af skráðum tegundum	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	ÁEV	ÁEV	ÁEV
Tilflutningar á útungunareggjum frá stöðvum á takmörkunarsvæði	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	X	X
Tilflutningar á nýju kjöti að undanskildum sláturmat úr dýrum í haldi og villtum dýrum af skráðum tegundum frá sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr á takmörkunarsvæði	X	X	X	EB	EB	X	X	EB	X	X	EB	ÁEV	X	X
BÖNN VIÐ STARFSEMI SEM VARÐAR DÝR OG AFURÐIR Í TENGSLUM VIÐ SJÚKDÓMA Í A-FLOKKI¹ (frh.)	FMD	RP	RVFV	LSD	CBPP	SPGP	PPR	CCPP	CSF	ASF	AHS	SNÍF	HPAI	NCD
Tilflutningar á sláturmat úr dýrum í haldi og villtum dýrum af skráðum tegundum frá sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr á takmörkunarsvæði	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	EB	ÁEV	X	X

Tilflutningar á kjötafurðum úr nýju kjöti af skráðum tegundum frá stöðvum á takmörkunarsvæði	X	X	X	EB	EB	EB	X	EB	X	X	EB	ÁEV	X	X	
Tilflutningar á hrámjólk og broddi úr dýrum í haldi af skráðum tegundum frá stöðvum á takmörkunarsvæði	X	X	X	X	EB	X	X	EB	ÁEV	ÁEV	EB	ÁEV	ÁEV	ÁEV	
Tilflutningar á mjólkurafurðum og afurðum, að stofni til úr broddi, frá stöðvum á takmörkunarsvæði	X	X	X	X	EB	X	X	EB	ÁEV	ÁEV	EB	ÁEV	ÁEV	ÁEV	
Tilflutningar á eggjum til manneldis frá stöðvum á takmörkunarsvæði	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	X	X	
Tilflutningar á aukaafurðum úr dýrum í haldi af skráðum tegundum frá stöðvum á takmörkunarsvæði, að undanskildum heilum skrokkum eða hlutum af dauðum dýrum	Húsdýraáburður, þ.m.t. undirburður og notað undirburðarefni	X	X	X	X	EB	X	X	EB	X	X	EB	ÁEV	X	X
	Húðir, skinn, ull, burstir og fjaðrir af dýrum	X	X	X	X	EB	X	X	EB	X	X	EB	ÁEV	X	X
	Aukaafurðir úr dýrum, aðrar en húsdýraáburður, þ.m.t. undirburður og notað undirburðarefni, og aðrar en húðir, skinn, ull, burstir og fjaðrir af dýrum	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	ÁEV	X	X
BÖNN VIÐ STARFSEMI SEM VARÐAR DÝR OG AFURÐIR (frh.) Í TENGLUM VIÐ SJÚKDÓMA Í A-FLOKKI¹	FMD	RP	RVFV	LSD	CBPP	SPGP	PPR	CCPP	CSF	ASF	AHS	SNÍF	HPAI	NCD	
Tilflutningar á fóðurefni úr jurtaríkinu og hálmum sem eru fengin á verndarsvæði	X	X	EB	EB	EB	EB	EB	EB	EB	EB	EB	ÁEV	EB	EB	

ATHUGASEMDIR

¹ Skammstafanir fyrir sjúkdóma í A-flokki í samræmi við II. viðauka² Einungis eggfrumur og fósturvísar

ÁEV = Á ekki við

X = bann

EB = Ekki bannað